

Bréf Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 27. janúar 2021 til íbúaráðs Kjalarness

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir Skotfélag Reykjavíkur á Álfsnesi vegna endurnýjunar starfsleyfis. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotfélag Reykjavíkur.

Gögn vegna tillögunnar eru aðgengileg á vef Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur til 15. febrúar 2021 á vefslóðinni: <https://reykjavik.is/tillogur-ad-starfsleyfi-i-auglyingu>. Á þeim tíma er öllum heimilt að senda inn athugasemdir og ábendingar við tillöguna. Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendar Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á netfangið heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is

Heilbrigðiseftirlitið vill bjóða íbúðaráðinu ef áhugi er fyrir hendi að á næsta fundi ráðsins hafa stutta kynningu á niðurstöðum mengunar- og hávaðarannsóknna sem gerðar voru haustið 2020 ásamt tillögum að nýjum starfsleyfisskilyrðum. Þó með þeim fyrirvara að um fjarfund sé að ræða.

Með kveðju
Kristín Kröyer, heilbrigðisfulltrúi

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Heilbrigðiseftirlit - umhverfiseftirlit
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
s: 411 1111